

## Rammasamningur

milli Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) og talmeinafræðinga, sem fengið hafa samþykkt SÍ til að starfa samkvæmt samningi þessum um talmeinaþjónustu.

### 1. gr. Gildissvið

SÍ og talmeinafræðingar gera með sér samning um talmeinaþjónustu á eigin stofum talmeinafræðinga utan stofnana fyrir einstaklinga sem eru sjúkra- eða slysatryggðir skv. lögum nr. 112/2008 um sjúkratryggingar.

### 2. gr. Aðild

Eftir samningi þessum geta starfað talmeinafræðingar, sem hafa starfsleyfi skv. rg. nr. 618/1987, reka eigin starfsstofur á Íslandi og fullnægja kröfum skv. samningi þessum. Talmeinafræðingar sem vilja gerast aðilar að samningi þessum skulu senda umsókn um aðild til SÍ. Umsóknareyðublað er fylgiskjal með samningi þessum. SÍ skulu svara umsóknum innan tveggja mánaða frá því að umsókn ásamt öllum nauðsynlegum gögnum barst SÍ.

### 3. gr. Kröfur til talmeinafræðings

Þjónusta sú, sem samningur þessi tekur til, skal unnin af talmeinafræðingi sem hlotið hefur starfsleyfi heilbrigðisráðherra.

Talmeinafræðingur skal stunda góða og viðurkennda talmeinaþjónustu. Hann skal uppfylla allar opinberar kröfur um faglega þjónustu, rekstur og eftirlit. Færsla í sjúkraskrár skal vera í samræmi við fyrirmæli landlæknis.

Talmeinafræðingur skal tilkynna SÍ á hvaða tíma þjónusta hans stendur sjúklingum til boða. Hann skal tilkynna SÍ um mögulegar breytingar á staðsetningu stofu.

Talmeinafræðingur skal gæta þess að tímasetningar pantaðra tíma sjúklinga standist sem best og gera sjúklingi viðvart í tæka tíð, þurfi þeir að breyta tíma.

Talmeinafræðingur skal gæta ýtrustu hagkvæmni gagnvart sjúkratryggingum landsmanna með hliðsjón af viðurkenndum fræðum í talmeinaþjónustu.

Þegar talmeinafræðingur hefur lokið meðferð á sjúklingi skal hann senda tilvísandi lækni sjúklings skýrslu um niðurstöður sínar eða annað sem skiptir máli.

#### 4. gr. Sjúkdómsgreiningar

Forsenda fyrir meðferð er að fyrir liggja skrifleg þjálfunarbeiðni með sjúkdómsgreiningu frá lækni.

Meðferð, sem greidd er samkvæmt samningi þessum, tekur til eftirtaldrá sjúkdómsgreininga og sjúkdóma:

Málstol barna/fullorðinna R47.0 (Acquired Aphasia)

- aðallega tjáningarstol (Broca's Aphasia)
- málfræðistol (agrammatism)
- skriflegir tjáningarörðugleikar R48.8 (agraphia/expressive writing )
- aðallega málskilningsstol (Wernicke's Aphasia)
- lestrarörðugleikar R48.0 (alexia)
- reikningsörðugleikar R48.8 (acalculia)
- nafngleyska (anomia)

Slappleiki/stirðleiki í talfærum R47.1 (Dysarthria) /kyngingarörðugleikar (Dysphagia)

- vegna sköddunar í taugum/vöðvum
- vegna heilalægrar lömunar (CP)
- vegna skaða í heila/heilastofni

Skert vitræn starfsemi (Cognitive Impairment) /Aðrar ótilgreindar truflanir R47.8

- áttun (í tíma, rúmi og gagnvart fólki)
- úrlausn hagnýtra mála í daglegu lífi
- minnistruflanir

Verkstol R48.2 (Apraxia)

- munnlegt (oral)
- mállegt (verbal)

Framburðarfrávik R49.2

- sem tengjast klofinni vör eða góm

Stam eða tos (Balbuties) F98.5

Tafs (cluttering) F98.6

**Ef um sjúklinga á grunnskólaaldri er að ræða gilda þó eftirfarandi skilyrði um stam, tos og tafs:**

Einungis er greitt fyrir sjúklinga með miðlungs stam, 4% til 10%, eða mikið stam, yfir 10%. (miðað er við hlutfall af stömuðum atkvæðum í frásögn og lestri). Skilyrði er að sjúklingur hafi fengið fyrstu greiningu, ráðgjöf og þjálfun hjá talmeinafræðingi sveitarfélags, a.m.k. 18 tíma. Fyrir liggja upplýsingar frá FTT um að börn á grunnskólaaldri með miðlungs eða alvarlegt stam skv. ofangreindu séu u.þ.b. 40 talsins.

Sértækar tal- og málþroskaraskanir F80 (Specific developmental disorders of speech and language) samkvæmt greiningarviðmiðum DSM-IV.

Fyrir liggja mat talmeinafræðings á málþroska og/eða framburði. Miðað er við málþroskatölu 80 og undir. Viðmið um framburðarfrávik: 5-6 ára börn hafi 18 villur eða fleiri; 4-5 ára börn hafi 24 villur eða fleiri miðað við niðurstöður í Framburðarprófi (forprófi) SM/HÞ eða sambærilegu prófi. Greiðsluþátttaka SÍ í þjálfun barna sem eru ennþá með þrálát frávik í framburði eftir að fyrsta bekk grunnskóla lýkur, verði metin

hverju sinni. Skilyrði er að barn hafi fengið fyrstu greiningu, ráðgjöf og þjálfun hjá talmeinafræðingi sveitarfélags, a.m.k. 18 tíma.

- tilgreind framburðarröskun F80.0
- tjáningarmálröskun F80.1
- skilningsmálröskun F80.2
- önnur heilkenni sem falla undir ofangreint

Þroskahömlun F70, F71, F72, F73 (Mild/moderate/severe/profound mental retardation)

- óhefðbundnar tjáskiptaleiðir. Fyrir liggja mat talmeinafræðings á málþroska og/eða framburði.

Gagntæk þroskaröskun F84.0, F84.1, F84.5 (Autism typical and atypical, Asperger)

- boðskiptaþjálfun, t.d. TEACCH boðskiptakerfið eða eitthvað sambærilegt. Fyrir liggja mat talmeinafræðings á málþroska og/eða framburði.

Raddgallar R49.0 barna/fullorðinna (aphonia R49.1, dysphonia R49.0, phonoasthenia R49.8)

- raddbandalömun
- langvarandi raddþreyta
- 'filseyra' (Reinker's edema)
- hnútar/blöðrur/æxli á raddböndum (nodules/polyps/papillomas)
- snertisár á raddböndum (contact ulcers)
- vöxtur á raddböndum (laryngeal web)
- raddkrampi (spastic dysphonia)
- raddmyndun með fölsku raddböndunum (ventricular phonation)
- barkakýlisleysi/stoma
- opið/lokað nefmæli
- gagnstæð raddmyndun og öndunarþrengsli (paradoxal vocal fold dysfunction)
- aðrar vefrænar/starfræn truflanir í barkakýli sem valda taltruflun/raddtruflun

Gallar í eyrum barna/fullorðinna H90, H91 (Skert hlustun/úrvinnsla/raddbeiting)

- skert aðgreining máhljóða/ skert talskynjun (auditory discrimination)
- skert talgreining tengd heyrnardeyfu
- óeðlileg raddbeiting tengd heyrnardeyfu
- óeðlilegur framburður tengdur heyrnardeyfu

## 5. gr.

### Greining og meðferð

Talmeinaþjónusta er fólgin í:

- Greiningu**, en í henni felst skráning sjúkrasögu, prófun allra gerða tal- og málmeina með mismunandi greiningartækjum. Ennfremur undirbúningur og frágangur sjúkraskýrslu, útfylling eyðublaða, ritun skýrslu, viðræður og símtöl við aðstandendur, lækna og aðra sérfræðinga um sjúkling. Auk þessa uppsetning meðferðaráætlunar, endurmat, ráðgjöf og mat á þörf og hæfni sjúklings til notkunar á tjáskiptatækjum.
- Meðferð**, en hún felst í þjálfun á tal- og málmeinum, sbr. 2. gr., og þjálfun í notkun hjálpartækja til tjáningar.
- Ráðgjöf á stofu**, en henni er ætlað að tryggja samfellu og samræmi í vinnu með talmein/boðskiptavanda barna.

Veitt er ítarleg ráðgjöf (ráðgjafartímar) um sérsniðna málörvun til forráðamanns og viðkomandi fagaðila (s.s. leikskólakennara, grunnskólakennara og þroskaþjálfara). Ráðgjöfin á aðeins við í eftirfarandi tilvikum:

1. í kjölfar skila á niðurstöðum prófana
2. þegar gert er hlé á meðferð
3. þegar meðferð lýkur

Ráðgjöf á stofu er óheimilt að veita oftár en tvisvar á ári pr. sjúkling.

- d) **Hópmæðferð**, en hún felst í þjálfun á tal- og málmeinum þriggja til fimm einstaklinga samtímis, með svipuð eða sömu vandamál.

**Til athugunar vegna snemmtækrar íhlutunar.** *Snemmtæk íhlutun felur í sér athugun, ráðgjöf og meðferð með víðu sjónarhorni og varðar börn með fötlun og langvinnan heilsuþrest og fjölskyldur þeirra.*

*Snemmtæk íhlutun krefst aðkomu ýmissa sérfræðinga og þriðja stigs þjónustustofnunar Heyrnar- og talmeinafæðingar Íslands (HTÍ). Í þeim tilvikum að barn glímir við flókna fötlun eins og heyrnarleysi og þarfnast fjölþættrar meðferðar og þjálfunar eins og t.d. eftir kuðungsígræðslu, verður að koma til samstarf milli sjálfstætt starfandi sérfræðinga og þriðja stigs þjónustustofnunar (HTÍ).*

SÍ hafa þar eingöngu það hlutverk að greiða sjálfstætt starfandi talmeinafræðingum fyrir þjónustu þeirra við barnið sjálft en hluti þjónustunnar er á ábyrgð HTÍ og þá án þátttöku SÍ.

## 6. gr.

### Meðferðaráætlun

Sjúkraskrá talmeinafræðings skal jafnframt þjóna sem meðferðaráætlun. Áætlunin skal byggja á fyrirliggjandi sjúkdómsgreiningu og greiningu tal- / málmeina. Ætlaður ávinningur meðferðar skal koma fram í áætluninni. Í meðferðaráætluninni skal tilgreina meðferðarlið skv. gjaldskrá, svo og fjölda meðferða.

Meðferðaáætlun ásamt greiningarniðurstöðu talmeinafræðings skal kynnt sjúklingi / aðstandanda eigi síðar en við fimmta meðferðarskipti og hann upplýstur um fyrirhugaða meðferð eins og kostur er. Að lokinni meðferð getur sjúklingur / aðstandandi óskað skýringa ef árangur meðferðar er ekki sá sem stefnt var að í upphafi. Talmeinafræðingur varðveitir þessar upplýsingar og veitir SÍ aðgang að þeim eftir sömu reglum og gilda um lögbundin sjúkraskrárgögn.

## 7. gr.

### Þóknun - Afslættir

Verð hvernar einingar er kr. 42,30 frá og með 1. febrúar 2010.

Þegar um er að ræða talmeinafræðing, sem rekur eigin stofu, skal heildarþóknun fyrir talmeinaþjónustu vera samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

- |    |   |          |
|----|---|----------|
| 1. | Greining tal-/málmeina, sbr. 5.gr.a., ein móttaka. ....   | 310 ein. |
| 2. | Greining tal-/málmeina, sbr. 5.gr.a., unnin samhliða meðferð<br>allt að fimm skipti pr. sjúkling. (Kemur í stað greiningar í einni móttöku,<br>1. tl. og má innheimta með meðferð skv. tölulið 3). .... | 62 ein.  |
| 3. | Meðferð, sbr. 5.gr.b., a.m.k. 30 mín. ..  | 120 ein. |
| 4. | Meðferð, sbr. 5.gr.b., a.m.k. 45 mín. ....  | 165 ein. |
| 5. | Meðferð, sbr. 5.gr.b., a.m.k. 60 mín. ....  | 210 ein. |
| 6. | Ráðgjafartími á stofu, sbr. 5. gr. c., a.m.k. 50 mín. ....  | 165 ein. |

7. Samtímameðferð tveggja sjúklinga, sbr. 5.gr.b., a.m.k. 50 mín. .. 88 ein.  
8. Hópmeðferð, sbr. 5.gr.d., a.m.k. 50 mín. .... 58 ein.

Heimilt er að innheimta fyrir greiningu einu sinni á 12 mánaða tímabili (hámark 310 einingar), sbr. 1. eða 2. tölulið.

Heimilt er að nota meðferð skv. 2. og 3., 4. eða 5 tölulið tvisvar sama dag í þeim tilfellum þegar sjúklingur er að koma um langan veg (lengra en 35 km.) til meðferðar. Í þeim tilfellum skal sjúklingur einnig greiða fyrir tvær meðferðir sbr. 9. gr.

Með tilgreindum tíma í gjaldliðum 3 til 8 er átt við viðveru talmeinafræðings með sjúklingi.

Talmeinafræðingur, sem á grundvelli aðildar að eldri samningi hefur leyfi til að starfa hjá endurhæfingarstöð eða stofnun í eigu annarra, sbr. 2. gr., skal fá í þóknun 2/3 hluta framangreindra eininga, en leggi hann fram bókhaldsgögn sem sýna að hann hefur útlagðan rekstrarkostnað er nemur a.m.k. 1/3 af tekjum fær hann fullan taxa. Til rekstrarkostnaðar telst m.a. kostnaður vegna húsaleigu, hita, rafmagns og síma.

Talmeinafræðingur skal veita afslátt af reikningum sínum miðað við eftirtalinn árlegan einingafjölda:

358.000 – 459.000 einingar:	8% afsláttur
fleiri en 459.000 einingar:	32% afsláttur

Uppgjör afsláttar skal fara fram tvisvar á ári, í júní fyrir tímabilið október – mars og í desember fyrir tímabilið apríl - september. Lokauppgjör afsláttar fer þó fram miðað við samningstíma. Afsláttur reiknast hlutfallslega fyrir brot úr ári.

Þrátt fyrir að samningur þessi taki til einkahlutafélaga, skal afsláttur reiknaður fyrir hvern og einn talmeinafræðing.

#### **8. gr.** Meðferðarbeiðni

Áður en meðferð hefst skal liggja fyrir skriflegt samþykki SÍ um greiðsluskyldu stofnunarinnar, byggt á fyrirliggjandi meðferðarbeiðni læknis.

Talmeinafræðingur getur sótt um langtímameðferð fyrir skjólstæðing þegar sjúkdómsgreining gefur tilefni til reglubundinnar meðferðar til langs tíma.

#### **9. gr.** Greiðsluhluti sjúklinga

Fyrir talþjálfun samkvæmt samningi þessum greiðir sjúklingur gjald skv. reglugerð um þjálfun sem sjúkratryggingar taka til og hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði við þjálfun, nú reglugerð nr. 721/2009. SÍ greiða fyrir talþjálfun samkvæmt 7. gr. samnings þessa að frádregnum hluta sjúklings.

## 10. gr. Reikningar

Reikningur talmeinafræðings skal fullnægja ákvæðum laga og reglugerða um form.

Fylgiskjal með reikningi talmeinafræðings til SÍ skal vera á sérstökum stöðluðum eyðublöðum, sem SÍ hafa samþykkt og skal þar m.a. tekið fram nafn, kennitala og heimili sjúklings, hvaða dag verkið var unnið og heiti gjaldskrárliðar, einingafjölda og greiðsluhlut sjúklings. Sjúklingur skal staðfesta hvert meðferðarskipti með undirskrift sinni á fylgiskjalið og fá kvittun fyrir greiðslu sjúklingshluta, þar sem gjaldskrárliður komi fram.

Fylgiskjöl talmeinafræðings til SÍ skulu flokkuð eftir þjónustumánuðum og skal á reikningi hvers mánaðar getið fjölda fylgiskjala, heildarfjölda eininga, heildarfjárhæð fylgiskjala og heildargreiðslu sjúklinga.

Fyrirtækjum sem eru alfarið í eigu talmeinafræðinga er við þau starfa skal vera heimilt að senda SÍ reikninga fyrir verk sem unnin eru af talmeinafræðingum sem hafa heimild til að vinna eftir samningi þessum. Einstakir reikningar skulu þó eftir sem áður merktir viðkomandi talmeinafræðingi. Þessi reikningsskilamáti skal í engu breyta stöðu talmeinafræðings gagnvart sjúkratryggðum og SÍ.

Talmeinafræðingar skulu leggja sér sjálfir til öll reikningseyðublöð og önnur gögn vegna starfsemi sinnar.

SÍ skulu greiða andvirði reikninga inn á bankareikning viðkomandi aðila innan 12 daga frá móttöku þeirra, séu þeir athugasemdarlausir. SÍ geta hvenær sem er skriflega óskað skýringa á reikningi og ber reikningseiganda að gefa þær. Meðan ekki hefur fengist skýring er heimilt að:

- greiða reikning með fyrirvara
- hafna greiðslu reiknings

Talmeinafræðingar skulu senda SÍ reikninga sína með rafrænum hætti. Talmeinafræðingar skulu hafa samráð við SÍ um framkvæmd og tímasetningu á upphafi rafrænna sendinga.

## 11. gr. Upplýsingar um meðferð

Talmeinafræðingar skulu skrá upplýsingar um hvern sjúkling og veitta meðferð. Læknar eða eftir atvikum aðrir heilbrigðisstarfsmenn SÍ skulu hvenær sem er heimill aðgangur að meðferðarskrá og öðrum þeim gögnum, sem nauðsynleg eru til staðfestingar á meðferð í samræmi við 4. mgr. 45. gr. laga um sjúkratryggingar nr. 112/2008.

## 12. gr. Ábyrgð

Talmeinafræðingur skal hafa fullnægjandi starfsábyrgðar- og sjúklingatryggingu hjá viðurkenndu váttryggingafélagi.

Auk almennra skaðabótareglna ber talmeinafræðingur ábyrgð á tjóni, sem hlýst af ágalla á tækjum, sbr. lög um skaðsemisábyrgð nr. 25/1991 og skal hann gæta þess að vera váttryggður fyrir slíku tjóni.

**13. gr.**  
Kvartanir

Talmeinafræðingur eða SÍ geta hvor um sig óskað eftir fundi þar sem aðilar fara yfir álitamál eða kvartanir varðandi samninginn og samskipti bæði innbyrðis og við hina sjúkratryggðu.

**14. gr.**  
Eftirlit

Í samræmi við 1. mgr. 45. gr. laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar skulu SÍ hafa eftirlit með starfsemi samningsaðila sem miðar að því að tryggja að tegundir, magn, gæði, kostnaður og árangur þjónustu sé í samræmi við gerða samninga.

Eftirlit SÍ getur m.a. falist í greiningu innsendra gagna, bréfaskiptum við talmeinafræðinga og lækna og heimsóknnum á starfsstofur. Talmeinafræðingum er skylt að veita læknum eða eftir atvikum öðrum heilbrigðisstarfsmönnum SÍ þær upplýsingar sem stofnuninni eru nauðsynlegar vegna greiðslna skv. samningi þessum og vegna eftirlitshlutverks stofnunarinnar.

Landlæknir hefur eftirlit með að framangreind þjónusta uppfylli faglegar kröfur til reksturs heilbrigðisþjónustu og uppfylli ákvæði heilbrigðislöggjafar á hverjum tíma.

**15. gr.**  
Vanefndir og aðgerðir vegna vanefnda

Komi í ljós verulegur misbrestur á því að talmeinafræðingur uppfylli skyldur sínar skv. samningi þessum hafa SÍ heimild til að rifta honum og heimta bætur fyrir fjártjón af viðkomandi talmeinafræðingi. Með sama hætti skal talmeinafræðingi heimilt að rifta samningi þessum gagnvart SÍ ef verulegur misbrestur verður á því að stofnunin uppfylli skyldur sínar skv. honum. Heimild aðila til að heimta bætur á einnig við eftir að samningi aðila lýkur.

Sannist vanefndir skulu aðgerðir SÍ vegna þeirra byggjast á málefnalegum sjónarmiðum, sbr. 48. gr. laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar.

**16. gr.**  
Lok starfsemi og fleira

Talmeinafræðingur, sem ekki vill lengur starfa samkvæmt samningi þessum, skal tilkynna það skriflega til SÍ með eins mánaðar fyrirvara miðað við mánaðamót. Sama gildir um talmeinafræðing, sem hyggst fara tímabundið í leyfi frá störfum, þó að hámarki tvö ár.

SÍ er heimilt með sama uppsagnarfresti að segja samningi þessum upp gagnvart talmeinafræðingi, sem uppfyllir ekki skyldur sínar skv. samningnum. Sé um misferli að ræða, geta SÍ þó fyrirvaralaust sagt upp samningnum gagnvart viðkomandi talmeinafræðingi.

Komi til bótakröfu SÍ á hendur talmeinafræðingi er viðurkenndur réttur stofnunarinnar til að annast einnig kröfu vegna greiðsluhluta þess sjúkratryggða.

**17. gr.**  
Dómsmál

Rísi mál út af samningi þessum skal það lagt fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur.

**18. gr.**  
Gildistími


Samningur þessi gildir frá 1. febrúar 2010 til 31. desember 2010 og kemur í stað rammasamnings dags. 15. desember 2008. Hann er með fyrirvara um nauðsynlegar heimildir í fjárlögum. Taki stjórnvöld ákvörðun um aðhaldsaðgerðir við gerð fjárlaga má gera ráð fyrir að þær taki bæði til þeirrar þjónustu sem samningurinn tekur til og ríkisstofnana og annarra aðila sem veita sambærilega þjónustu. Komi til aðhaldsaðgerða á samningstímanum munu þær ná til allra samninga milli SÍ og sjálfstætt starfandi heilbrigðisstétta.

**Ákvæði til bráðabirgða**

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. samningsins verða þeir talmeinafræðingar, sem áttu aðild að eldri rammasamningi í desember 2009 sjálfkrafa aðilar að samningi þessum. Vilji talmeinafræðingur sem starfað hefur skv. fyrri rammsamningi ekki starfa eftir rammasamningi þessum sendir hann einfalda tilkynningu þar um til SÍ fyrir 10. febrúar 2010.

Reykjavík, 2. febrúar 2010

F.h. Sjúkratrygginga Íslands



Steingrímur Eiríksson  
Kristján Guðjónsson

## Umsókn um aðild að samningi talmeinafræðinga og Sjúkratrygginga Íslands



Sjúkratryggingar Íslands

Laugavegi 114-116

150 Reykjavík

Sími 515-0000

www.sjukratryggingar.is

1. Nafn talmeinafræðings		2. Kennitala
3. Dagsetning á útgáfu löggildingar	4. Meðfylgjandi sérfræðileyfi? <input type="checkbox"/> Já <input type="checkbox"/> Nei	5. Sjálfstæður rekstur hefst/hófst:

5. Nafn starfsstofu		6. Kennitala starfsstofu	
7. Aðsetur starfsstofu	8. Netfang	9. Afgreiðslutími	

8. Starfar talmeinafræðingur annarsstaðar? Hvar?	
9. Starfshlutfall sem sjálfstætt starfandi:	10. Starfshlutfall sem launþegi:
11. Eftirtalin gögn þurfa að fylgja umsókn: <input type="checkbox"/> Staðfesting á sjúklingatryggingu <input type="checkbox"/> Staðfesting á starfsábyrgðartryggingu (frjáls ábyrgðartrygging) <input type="checkbox"/> Löggilding <input type="checkbox"/> Staðfesting landlæknis fyrir að talmeinafræðingur hefji sjálfstæðan rekstur	
12. Athugasemdir:	

<b>13. Greiðslur Sjúkratrygginga Íslands skv. ofangreindum samningi skal greiða inn á eftirfarandi reikning:</b>
Banki      höfuðb.      Reikningsnr.

14. Staður og dagsetning	15. Undirskrift talmeinafræðings
--------------------------	----------------------------------